# Tómstundabæklingur

## Dalabyggðar 2014



# Upplýsingarit Um Tómstundastarf Fyrir Alla Aldurshópa, Haust 2014



# Efnisyfirlit

Byggðasafn Dalamanna .......................................... 4
Byggðasafn Dalamanna .......................................... 4
Unglingasveitin Óskar .......................................... 5
Hestamannaf Glaður .......................................... 5
Skátafélagið Stígandi .......................................... 6
Handboltaæfingar .......................................... 8
Fimleikaæfingar .......................................... 8
Héraðsbókasafn .......................................... 9
Bumbubolti .......................................... 9
Ræktin Óli Pá .......................................... 10
Fótboltaæfingar .......................................... 12
Körfuboltaæfingar .......................................... 12
Badmingtonæfingar .......................................... 13
Félag eldriborgara .......................................... 14
Félagsstarf skólans .......................................... 15
Félagsmiðsstöð Hreysið .......................................... 15
Glímufélag Dalamanna .......................................... 16
Ný heimasíða UDN .......................................... 16
Íþróttaskóli á Laugum .......................................... 17
Leikfiminámskeið .......................................... 17

Íþróttamiðstöðin að Laugum .......................................... 18

*Útgefandi: Dalabyggð*
*Ritstjóri: Guðni Albert Kristjánsson*
*Grafískur hönnuður og Umbrot: Guðni Albert Kristjánsson*
*Ljósmyndir: Guðni Albert Kristjánsson, Steinunn Matthíasdóttir,*
*Jóhanna L. Brynjólfsdóttir Byggðasafnið, Skátarnir og fleiri.*



## Byggðasafn Dalamanna



Áætlað er að hafa safnið opið annan hvorn sunnudag í vetur með sögustund um ákveðið málefni eða annað sem upp kemur. Sunnudaginn 31. ágúst er síðasti opnunardagur safnsins í sumaropnun.Sunnudagarnir sem um er að ræða fram að áramótum eru 31. ágúst, 28. september, 12. og 26. október, 9. og 23. nóvember, 7. og 21. desember.

**Dagskráin til áramóta**

Dagskrá hvers og eins sunnudags verður auglýst á Dalir.is og Facebook-síðu safnsins. Einnig ef fella verður niður dagskrá vegna veðurs eða af öðrum ástæðum. Tillögur að viðfangsefnum í vetur eru vel þegnar. Einnig ef einhver er tilbúin að stíga á stokk og segja frá einhverju athyglisverðu. Tillögum að efni og fyrirlesurum skal komið á framfæri við safnvörð á netfangið safnamal@dalir.is.

*(Þeir sem hafa áhuga á að fara í sund samhliða sögustund hafi samband við Gunnar Má með góðum fyrirvara á netfangið gunnarmar@umfi.is eða síma 777 0295 / 434 1465)*

### Byggðasafn Dalamanna

☎ 434 - 1328
*safnamal@dalir.is*
www.facebook.com



## Unglingasveitin Óskar



Unglingasveitin Óskar var með námskeið á þriðjudögum síðasta vetur fyrir 8 - 10 bekk í björgunarsveitahúsinu, námskeiðið var haldið endurgjaldslaust og er stefnt að viðhalda álíka námskeiði aftur. Forsvarsmenn björgunarsveitarinnar hafa ekki enn nelgt niður hvenar slíkt námskeið myndi byrja og hvort það yrði með svipuðu móti. Frekari upplýsingar verða kynntar síðar.

### Unglingasveitin Óskar

☎ 000 - 0000
*@.*
www.dalir.is

## Hestamannaf Glaður



Fræðslunefnd Glaðs er í undirbúningsvinnu fyrir haustönnina og eru margar hugmyndir í farvatninu. Boðið verður upp á reiðnámskeið og fleira skemmtilegt í vetur. Nánari dagskrá verður auglýst síðar. Í fræðslunefnd starfa: Heiðrún Sandra, Sigríður Fjóla, Styrmir Sæmundsson og Svanborg Einarsdóttir.

### Hestamannaf Glaður

☎ 772 - 0860
*bangsimon90@hotmail.com*
www.gladur.is



# Skátafélagið Stígandi

Fálkaskátar 5.-7. bekkur. Fyrsti skátafundur er fimtudaginn 4. september í skátaherberginu. Vikulegir skátafundir eru í gæslubili skólans, kl. 13:50 -15:05. Flestir skátafundir verða haldnir í Dalabúð en einu sinni í mánuði verður haldinn skátafundur að Laugum. Fyrsti fundur er öllum opinn, kynning á því sem verður á dagskrá í vetur. Dagskrá verður síðan afhent á öðrum fundi. Sveitaforingi fálkaskáta í vetur er Þórey Þórisdóttir. Þeir sem hafa áhuga á að starfa í vetur verða að mæta á fyrsta fund eða hafa samband við Þórey skátaforingja (thoreyb@gmail.com) og skrá sig fyrir 5.september, vegna skipulags. Í framhaldinu verða allir að skrá skátana inná www.skatamal.is og velja flipa “komdu í skátana” og skrá þar. Haldnir verða að lámarki 14 fundir/viðburðir fyrir fálkaskáta á haustönn. Verð í skátanna á haustönn er 8.000 kr á skáta og 6000 kr. fyrir önnur systkini.

Dróttskátar 8.-10. bekkur. Fyrsti skátafundur dróttskáta er fimmtudaginn 11. september í skátaherbergi. Vikulegir skátafundir verða kl. 15:35-16:35, oftast í Búðardal. Mikilvægt er að allir séu búnir að borða nesti áður en skátafundur hefst. Einu sinni í mánuði verður haldinn skátafundur að Laugum. Fyrsti fundur er öllum opinn, kynning á því sem verður á dagskrá í vetur. Dagskrá verður síðan afhent á öðrum fundi. Sveitaforingi fálkaskáta í vetur eru Jenny Nilsson og Elísabet Kristjánsdóttir. Þeir sem hafa áhuga á að starfa í vetur verða að mæta á fyrsta fund eða hafa samband við Jenny (netfang jenny86nilsson@gmail.com eða sími 844 5710) fyrir 11. september, vegna skipulags. Í framhaldinu verða dróttskátar að skrá sig inn á www.skatamal.is og velja flipa “komdu í skátana” og fylgja leiðbeiningum. Verð í skátanna á haustönn er 8000 kr. og 6000 kr fyrir önnur systkini.











## Handboltaæfingar




Það verður reynt að bjóða uppá Handbolta-námsskeið í vetur sem verður einusinni í viku í 5 vikur. Námsskeiðið yrði haldið í íþróttahúsinu að Laugum eftir áramót. Það verður reynt að bjóða far með rútu úr skólanum og á æfingarnar en það þarf að smala í bíla heim. Æfingarnar yrðu klukkutími til einn og hálfur og í boði fyrir 5 - 10 bekk. Þjálfari verður Jónas. Námsskeiðið kemur til með að kosta 2.000kr. Það verður reint að stíla inná að sundlaugin verði opin á æfingartíma og eftir æfingu. Frítt verður að fara í sund fyrir iðkendur eftir æfingu.

## Fimleikaæfingar



Það verður reynt að bjóða uppá Fimleikanámsskeið í vetur sem verður einusinni í viku í 5 vikur. Námsskeiðið yrði haldið í íþróttahúsinu að Laugum eftir áramót. Það verður reynt að bjóða far með rútu úr skólanum og á æfingarnar en það þarf að smala í bíla heim. Æfingarnar yrðu klukkutími til einn og hálfur og í boði fyrir 5 - 10 bekk. Þjálfari er óráðinn. Námsskeiðið kemur til með að kosta 2.000kr. Það verður reint að stíla inná að sundlaugin verði opin á æfingartíma og eftir æfingu. Frítt verður að fara í sund fyrir iðkendur eftir æfingu.



## Héraðsbókasafn

Héraðsbókasafn Dalasýslu hefur nú aftur opnað á hefðbundnum tímum eftir sumarleyfi bókasafnsvarðar. Vetraropnunartími héraðsbókasafnsins er á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 13:00 til 18:00. Þetta er hárréttur staður fyrir alla þá sem hafa gaman af hvaða bókmenntum sem er allt frá spennusögum til rómans. Allir velkomnir ungir sem aldnir.



### Héraðsbókasafnið

☎ 430 - 4720

www.facebook.com

## Bumbubolti



Bumbuboltinn verður haldinn á Laugum í Sælingsdal í vetur og eru allir hvattir til að koma í það minnsta einusinni og prófa að vera með. Leikin er venjulegur innanhúsfótbolti þar sem mestu skiptir að hafa gaman af og vera í góðum félagsskap. Æfingarnar verða á Mánudögum og Miðvikudögum Kl: 19:00 og er frítt í pottinn eftir æfingar. Hægt er að fylgjast með hópnum á Fésbókinni undir bumbubolti. Ef menn vilja forvitnast frekar um þennan gæfulega félagsskap þá er hægt að hafa samband við Þórð Guðbrandsson á fésbókinni eða síma.



# Ræktin Óli Pá



Ungmennafélagið Ólafur Pái rekur æfingasal að Vesturbraut 20. Hlaupabretti – stigvélar – hjól – boxpúði – lóð og fleiri tæki.

**Áskriftarleiðir:**
1. 3 mán. 6.500kr.



2. 6 mán. 9.500kr.
3. 12 mán.16.000kr.

25% afsláttur fyrir eldri borgara.

Lykillinn gildir fyrir alla fjölskylduna. Allir sem æfa í salnum eru að æfa á eigin ábyrgð. Börn yngri en 14 ára verða að vera í fylgd með fullorðnum. Ungmenni 14-18 ára verða að vera með leyfi foreldra til að



æfa ein í salnum. Það er á ábyrgð foreldra að börnin kunni að meðhöndla tæki og tól í salnum.





**Vertu með í vetur!**
Pantanir á áskrift eru hjá Ingibjörgu Jóhannsdóttur

896 - 8315

ibba@simnet.is

**Skil á lyklum**
Ef einhverjir eru með lykla sem eru ekki í notkun endilega komið þeim til skila til umsjónamanns.



**Styrkur til líkamsræktar**
Flest Stéttarfélög endurgreiða að fullu eða að hluta til líkamsrækt.






## Fótboltaæfingar

Fótboltaæfingar verða í boði fyrir alla aldurshópa. Æfingarnar verða á gerfigrasvellinum hjá skólanum. Þjálfarar í vetur verða Guðni Albert Kristjánsson sem mun taka að sér að þjálfa 6 - 10 bekk og Pálmi Jóhannsson sem mun taka að sér að þjálfa 1 - 5 bekk. Yngri hópurinn verður inná skólatíma.

Frítt fyrir 1-5 bekk. 6.000kr. fyrir eldri 10.000kr.- fyrir 2 eða fleiri frá sömu fjölskyldu.

## Æfingatafla

*6 - 10. Bekkur*

| | |
|---|---|
| *Mánudaga:* | *17:30 - 18:30* |
| *Fimmtudaga:* | *16:30 - 17:30* |

*1 - 5. Bekkur (óstaðfest)*

| | |
|---|---|
| *Fimmtudaga:* | *14:00 - 15:00* |

Fylgist með á Facebook fótboltaæfingar UDN 2014 - 15

## Körfuboltaæfingar




Það verður boðið uppá Körfuboltanámsskeið í vetur sem verður einusinni í viku í 5 vikur. Námsskeiðið er haldið í íþróttahúsinu að Laugum beint eftir skóla á fimmtudögum, það verður kannski í boði að fá far með rútu úr skólanum og á æfingarnar en það þarf að smala í bíla heim. Æfingarnar verða frá 16:00 til 17:30 og eru í boði fyrir 5 - 10 bekk. Þjálfari verður Guðni Albert Kristjánsson. Námsskeiðið kostar 2.000kr. Minnum fólk á að sundlaugin er opin frá 15:30 til 18:30 og því um að gera að skella sér í sund eftir æfingu. Frítt verður að fara í sund fyrir iðkendur eftir æfingu.

## Badmingtonæfingar



Það verður reynt að bjóða uppá Badmington/Hnitnámsskeið í vetur sem verður einusinni í viku í 5 vikur. Námsskeiðið yrði haldið í íþróttahúsinu að Laugum eftir áramót. Það verður reynt að bjóða far með rútu úr skólanum og á æfingarnar en það þarf að smala í bíla heim. Æfingarnar yrðu klukkutími til einn og hálfur og í boði fyrir 5 - 10 bekk. Þjálfari yrði Jörgen. Námsskeiðið kemur til með að kosta 2.000kr. Það verður reint að stíla inná að sundlaugin verði opin á æfingartíma og eftir æfingu. Frítt verður að fara í sund fyrir iðkendur eftir æfingu.



## Félag eldriborgara



Gönguhópurinn Stormur er í feiknaformi og er gengið alla mánudaga og föstudaga. Lagt af stað frá Samkaup kl. 10:30 og endaði í kaffisopa á Silfurtúni. Nýir félagar eru velkomnir! Alla þriðjudaga í okt. og nóv. Býður Silfurtún eldri borgurum í kaffisopa og spjall kl: 11:00. Frítt er í sund á Laugum á Þriðjudögum, sami tími og verið hefur. Aðgangur að tækjasal Ólafs Pá er á sama tíma og síðast í hádeginu á miðvikud. Athugað verður með leikhúsferð og Boccia æfingar ef áhugi er á því. Erla bíður upp á námskeið í pstulínsmálun dagana 17 - 19 okt. n.k. Þáttaka tilkynnist í síma 8941824. Kórinn okkar “Glaðar raddir” æfir á mánudögum kl. 17:00 í Tónlistarskóla. Stjórnandi er Halldór Þórðarson.

### Dagskrá haust 2014

2.10. Fundur, bingó, kaffi. Leifsbúð

9.10. Opið hús, dagskrá, kaffi, Leifsbúð.

16.10. Félagsvist, kaffi, Leifsbúð

23.10. Bingó, kaffi, Tjarnarlundi

30.10. Opið hús. dagskrá, kaffi, Leifsbúð.

6.11. Félagsvist, kaffi, Leifsbúð

13.11. Ferð í Bamahlíð, söngur o. fl.

20.11. Bingó, kaffi, Leifsbúð.

28.11. Jólafundur, dagskrá, kaffi, Leifsbúð.



## Félagsstarf skólans

Félagsstarf skólans hefur verið undanfarið í höndum Katrínar Lilju Ólafsdóttur en hún er í veikindaleifi og mun Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir taka við því. Srarfið verður fjölbreitt að vanda og verður einusinni í viku aðrahverja viku í Auðarskóla. Tímasetningar og hvaða dagar þetta verður, verður auglýst í skólanum síðar.



## Félagsmiðsstöð Hreysið

Hreysið félagsmiðsstöð verður nú opnuð aftur eftir töluverðan dvala. Miðsstöðin verður opinn einusinni í viku aðrahverja viku. Þar geta krakkar í áttunda, níunda og tíundabekk haft smá athvarf fyrir sig. Engin sérstök dagskrá verður en krakkarnir geta sjálfir komið með hugmyndir af því hvernig þeir vilja verja þessum tíma. Miðsstöðinni mun Guðni Albert Kristjánsson stjórna og verður opið á Þriðjudagskvöldum frá 19 til 23:00.





## Glímufélag Dalamanna



Aldurshópur: 1. - 10. bekkur. Glímufélagið býður upp á glímuæfingar í vetur eins og undanfarin ár. Dalamenn hafa verið gríðarlega sigursælir í glímu á landsvísu á liðnum árum. Það er ekki úr vegi að við Dalamenn höldum áfram að þjálfa upp stórstjörnur í þessari þjóðaríþrótt okkar Íslendinga. Þjálfari verður að vana Jóhann Pálmason. Glímuæfingarnar verða á fimmtudögum frá kl. 17:00-18:00. Í Dalabúð aðgangur er frír og hvetjum við sem flesta að nýta sér það.

## Ný heimasíða UDN




Ný heimasíða hefur verið tekin í notkun fyrir UDN. Vefslóðin er sú sama www.udn.is. Þá er UDN einnig komið á Twitter og Instagram. Endilega merkið #udn1918 (instagram) @udn1918 (Twitter).



## Íþróttaskóli á Laugum

Það verður íþróttaskóli fyrir leikskólabörn og yngsta stigið í Auðarskóla eftirfarandi laugardaga í haust.18. október, 1. Nóvember, 15. Nóvember og 29. nóvember. Leikskólinn verður frá klukkan 10:30-11:15 og yngsta stigið klukkan 11:15-12:00. Verð: 2.500kr. Reint verður að hafa opið í sund á þessum dagsetningum.



Endilega skrá sig á einarjon@audarskoli.is eða í síma 893-9066. Einar Jón Geirsson íþróttakennari.

## Leikfiminámskeið




Nýtt námskeið hefst fimmtudaginn 2. október. Tímarnir verða í æfingasal Óla Pá á þriðjudögum og fimmtudögum klukkan 17:30. Námskeiðið verður til 9. Desember eða 20 skipti. Verð: 15.000kr. Einar Jón Geirsson íþróttakennari.

# Íþróttamiðstöðin að Laugum

## Íþróttamiðstöðin að Laugum

**Opið sérstaklega fyrir eldri borgara á þriðjudögum milli 15:30-17:00**

Hópar og fjölskyldur geta haft samband og athugað með að koma í sund fyrir utan opnunartíma ef starfsfólk er á svæðinu.

Umsjónarmaður Sælingsdalslaugar frá 1. september er Gunnar Már Leifsson í síma 434 1465 eða 777 0295 og netfagnið gunnarmar@umfi.is.

Hálftíma fyrir lokun lýkur sölu aðgangseyris í sundlaugina.





## Opnunartímar

Þriðjudagar: 17:00 - 20:00
Miðvikudagar: 18:00 - 21:30
Fimmtudagar: 15:30 - 18:30

**Íþróttamiðstöð Laugum**

434 - 1465 / 861 - 2660
laugar@umfi.is
www.ungmennabudir.is

# TÓMSTUNDATAFLAN 2014

| 2014 | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Október | | Nóvember | | Desember |
| 1 | M | | L | | M | Fótbolti / Stormur |
| 2 | F | | S | | Þ | Félagsmiðstöðin Hreysið |
| 3 | F | Gönguhópurinn Stomur | M | Fótbolti / Stormur | M | |
| 4 | L | | Þ | Félagsmiðstöðin Hreysið | F | Fótbolti / Körfubolti |
| 5 | S | | M | | F | Gönguhópurinn Stomur |
| 6 | M | Gönguhópurinn Stormur | F | Fótbolti / Körfubolti | L | Fótboltamót á Laugum |
| 7 | Þ | | F | Gönguhópurinn Stomur | S | |
| 8 | M | | L | | M | Fótbolti / Stormur |
| 9 | F | | S | | Þ | Félagsstarf skólans |
| 10 | F | Gönguhópurinn Stomur | M | Fótbolti / Stormur | M | |
| 11 | L | | Þ | Félagsstarf skólans | F | Fótbolti |
| 12 | S | | M | | F | Ball / Stormur |
| 13 | M | Fótbolti / Stormur | F | Fótbolti / Körfubolti | L | |
| 14 | Þ | Félagsstarf skólans | F | Gönguhópurinn Stomur | S | |
| 15 | M | | L | | M | Gönguhópurinn Stomur |
| 16 | F | Fótbolti | S | | Þ | Félagsmiðstöðin Hreysið |
| 17 | F | Gönguhópurinn Stomur | M | Fótbolti / Stormur | M | |
| 18 | L | | Þ | Félagsmiðstöðin Hreysið | F | |
| 19 | S | | M | | F | Gönguhópurinn Stomur |
| 20 | M | Fótbolti / Stormur | F | Fótbolti / Körfubolti | L | |
| 21 | Þ | Félagsmiðstöðin Hreysið | F | Gönguhópurinn Stomur | S | |
| 22 | M | | L | | M | Gönguhópurinn Stomur |
| 23 | F | Fótbolti | S | | Þ | |
| 24 | F | Gönguhópurinn Stomur | M | Fótbolti / Stormur | M | |
| 25 | L | | Þ | Félagsstarf skólans | F | |
| 26 | S | | M | | F | Gönguhópurinn Stomur |
| 27 | M | Fótbolti / Stormur | F | Fótbolti / Körfubolti | L | |
| 28 | Þ | Félagsstarf skólans | F | Diskótek / Stormur | S | |
| 29 | M | | L | | M | Gönguhópurinn Stomur |
| 30 | F | Fótbolti | S | | Þ | |
| 31 | F | Diskótek / Stormur | | | M | |

UDN